

Mánudaginn 29. sept. 1930.

Nr. 26/1930.

Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Karli Ágúst Ágústssyni (Lárus Fjeldsted).

Bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. febr. 1930: Kærður, Karl Ágúst Ágústsson, greiði 150 króna sekt, er renni í ríkissjóð, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella einföldu fangelsi í 8 daga.

Svo greiði kærður og allan kostnað af máli þessu.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða lög-
regluréttardómi og ekkert verulegt þykir athugavert
við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að vararefs-
ingin verði 12 dagar.

Kærður greiði allan áfrýjunarkostnað, meðal annars
málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, 60
kr. hvorum

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað.

Kærður, Karl Ágúst Ágústsson, greiði allan
áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun
sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutnings-
mannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar
Fjeldsted, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Karli
Ágúst Ágústssyni, Laugalæk við Laugarnesveg, fyrir brot á

ákvæðum laga nr. 56 frá 1926 og lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með framburði vitna og eigin játningu kærða.

Að kvöldi hins fyrsta dezember s.l., kl. 8^{1/4}, ók kærður bifreiðinni RE. 692 sunnan úr Suðurlánum norður Laufásveg. Veður var slæmt, töluverður suðaustan stormur með krapahrið og mjög sleipt á götunum.

Þegar kærður kom niður undir gatnamót Laufásvegs og Bragagötu, gengu á undan honum vinstra megin á götunni, norður Laufásveginn, karlmaður og stúlka, og viku þau út á vinstri vegarbrúnina.

Kærður segist þá hafa vikið til hægri og ætlað að keyra fram hjá þeim, en lenti við það yfir á hægri vegarbrúnina, og rakst þá hægri framhjólskermurinn á læri Einars Árnasonar fjármálaráðherra, er gekk út á vegbrúninni hægra megin, og kastaði honum út fyrir veginn og datt hann þar niður í poll.

Ráðherrann meiddist töluvert á lærinu við áreksturinn og var haltur í hálfan mánuð á eftir; fót hans blotnuðu við fallið, en skemmdust ekki að öðru leyti.

Kærður hefir haldið því fram fyrir réttinum, að hann hafi keyrt á 17—18 km. hraða, er slysið vildi til, en segist þó ekki geta fullyrt um hraðann, því hann hafi ekki litið á mælirinn þá um leið.

Einar Árnason ráðherra hefir borið það, að billinn hafi ekið mjög hart að sínu áleti og fullyrt, að hann hafi verið á ólöglegum hraða, en treystir sér þó ekki að ákveða með tölum, hve hart hann hafi ekið.

Vitnið Hermann Hjartarson hefir borið, að billinn muni hafa ekið á 20—25 km. hraða.

Vitnið Jón Kristjánsson segir, að billinn hafi ekki ekið til-takanlega hart, en þó frekar greitt.

Það verður því að telja sannað, bæði með framburði kærðs sjálfs og framburði vitnanna, að kærður hefir ekið hraðara en lögákveðið er í 6. gr. bifreiðarlaganna, - 15 km. á klukkustund í dimmu, — og þegar tekið er tillit til þess, að dimmt var af krapahriðinni og náttmyrkri, svo að bilstjórinn sá mjög lítið fram fyrir bilinn, og að mjög sleipt var á götunni og erfitt að stöðva bilinn snögglega, verður að telja það óvarlegt, að aka svo hart.

Einar Árnason ráðherra segist hafa gengið alveg á vegar-

brúninni vinstra megin, er hann gekk suður Laufásveginn, og kemur það heim við framburð vitnanna, Jóns Kristjánssonar, er segist hafa séð bilinn rekast á ráðherrann alveg á vegarbrúninni, og Hermanns Hjartarsonar, er mætti ráðherranum rétt um leið og áreksturinn vildi til, og sá hann þá ganga á áður-nefndum vegkanti.

Erlingur Pálsson fór á staðinn, þar sem vitnin visuðu honum á að áreksturinn hefði orðið, skömmu eftir hann; skoðaði hann vandlega staðinn og gerði teikningu af honum, er fram hefir verið lögð í réttinum og Erlingur staðfest þar.

Erlingur hefir borið það, að pollur sá, er vitnin visuðu honum á að ráðherrann hefði fallið ofan í, hafi verið 1 meter frá vegarbrúninni og hafi þá greinilega mátt sjá í frosnum pollinum far þess, að maður hefði skolið ofan í hann.

Kærður hefir haldið því fram, að hann muni ekki hafa ekið alveg út á hægra vegkantinum, er áreksturinn vildi til, en jafnframt látið þess getið, að hann hafi séð mjög illa á veginn umrætt skifti og einkum til hægri; hann hefir og játað, að hann hafi vikið til hægri vegna tveggja persóna, er voru vinstra megin á veginum, og hafi við það lent töluvert hægra megin á veginn.

Það verður að teljast sannað með framburði vitnanna og teikningu Erlings Pálssonar af staðnum, að kærður hefir ekið á ráðherrann á hægri vegarbrúninni, miðað við stefnu bifreiðarinnar, og hefir hann með því að aka öfuga megin á götunni, brotið umferðarreglurnar og valdið árekstri þeim, er þarna vildi til.

Kærður hefir lýst því yfir, að hann taki framburð vitnanna, sem leidd hafa verið í þessu máli, jafngildan sem eiðfestur væri.

Fjármálaráðherrann gerir engar skaðabætur fyrir meiðslin né fyrir skemmdir á fötum sínum.

Með þessu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 2. málsgrein 6. greinar bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926 um ökuhraðann í dimmviðri og 7. gr. sömu laga með því að aka hægra megin á götunni, er hann mætir vegfaranda. Ennfremur hefir kærður með þessu framferði sínu brotið gegn 38. og 49. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Refsing sú, er kærður hefir tilunnið, þykir hæfilega ákveðin kr. 150,00 í sekt í ríkissjóð. Sektin greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 8 daga.

Ennfremur greiði kærður allan kostnað af þessu máli.
Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 29. sept. 1930.

Nr. 31/1930.

Þórður J. Thoroddsen
gegn
Pétri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfryjandi, Þórður J. Thoroddsen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 29. sept. 1930.

Nr. 35/1930.

Elinmundur Ólafs
gegn
Gisla Magnússyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfryjandi, Elinmundur Ólafs, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.
